



## Reglur um heimgreiðslur til foreldra í Akureyrarbæ

### 1. gr.

Markmið reglna þessara er að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barn er innritað hjá dagforeldri eða býðst leikskólapláss með heimgreiðslum til foreldra/forráðamanna barns. Auk þess að koma til móts við foreldra/forráðamenn eldri barna sem eru að bíða eftir leikskólaplássi.

### 2. gr.

Foreldrum/forráðamönnum barna með lögheimili í Akureyrarbæ er heimilt að sækja um heimgreiðslur, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barns og eru að bíða eftir leikskólaplássi.

Foreldrar/forráðamenn hafa rétt á að sækja um heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri barns.

### 3. gr.

Sótt er um heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna inni á Þjónustugátt Akureyrarbæjar

Gildistími heimgreiðslna miðast við næstu mánaðamót eftir að barn nær 12 mánaða aldri. Dæmi: Foreldri/forráðamaður barns sem er fætt 6. september 2023 getur sótt um greiðslur fyrir októbermánuð 2024 ef barnið er ekki hjá dagforeldri eða í leikskóla.

Reikningur greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.

Upphæð heimgreiðslu er 105.000 kr. á mánuði og tekur breytingum í upphafi árs samhliða ákvörðun um gjaldskrárbreytingar.

Greiðslur falla niður þegar barni býðst leikskólapláss, byrjar í leikskóla eða byrjar hjá dagforeldri.

Heimgreiðslur frá Akureyrarbæ eru greiddar sem styrkur.

Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði á ári. Heimgreiðslur eru ekki greiddar vegna ágúst mánaðar.

### 4. gr.

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs hefur heimild til að samþykka heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna sem falla ekki undir 3. gr. þessara reglna vegna tímabundinna sérstakra aðstæðna ef þær aðstæður fela ekki í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið.

**5. gr.**

*Gildistími reglnanna er til 31. júlí 2025. Komi til þess að reglurnar verði framlengdar skal það liggja fyrir sex mánuðum áður en þær renna út.*

*Reglur þessar voru samþykktar af bæjarráði 13. júlí 2023  
Samþykkt var að framlengja reglurnar um eitt ár í bæjarráði 7. mars 2024  
Samþykkt í bæjarstjórn 19. mars 2024*